



Leiðbeiningar vegna meðferðar með Beovu[®] (brolucizumab)

▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Allir geta hjálpað til við þetta með því að tilkynna aukaverkanir sem koma fram.

Til meðferðar við nýæðamyndandi (votri) aldurstengdri hrörnun í augnbotnum (AMD) og sjónudepilsbjúg af völdum sykursýki (DME)

Hvað er nýæðamyndandi (vot) aldurstengd hrörnun í augnbotnum (AMD)?

Vot aldurstengd hrörnun í augnbotnum verður þegar óeðlilegar blóðæðar myndast og vaxa undir sjónudepli. Sjónudepill, sem er í aftari hluta augans, er ábyrgur fyrir sjónskerpu. Vökvi eða blóð getur lekið úr þessum óeðlilegu blóðæðum í augun og truflað starfsemi sjónudepils og dregið þannig úr sjón.

Hvað er sjónudepilsbjúgur af völdum sykursýki (DME)?

Sjónudepilsbjúgur af völdum sykursýki er ágengur sjúkdómur sem getur leitt til varanlegs taps á sjón eða blindu. Skemmdar blóðæðar í auganu geta valdið því að vökvi leki inn í sjónudepil. Sjónudepill er ábyrgur fyrir sjónskerpu og er sá hluti augans sem notaður er til að t.d. lesa, keyra og þekkja andlit.

Hvers vegna hefur mér verið ávísað Beovu?

Beovu inniheldur virka efnið brolocizumab sem er í flokki lyfja sem draga úr nýmyndun æða.

Efni sem er kallað æðapelsvaxtarþáttur A (VEGF-A) veldur vexti blóðæða í auga. Með því að tengjast VEGF-A blokkar Beovu áhrif hans og dregur úr vexti óeðlilegra blóðæða við vöta aldurstengda hrörnun í augnbotnum og sjónudepilsbjúg af völdum sykursýki sem dregur síðan úr vökva- og blóðleka í auga.

Hvernig er Beovu gefið?

- Læknirinn dælir Beovu inn í augað (inndæling í glerhlaup).
- Fyrir inndælinguna hreinsar læknirinn augað vandlega til að koma í veg fyrir sýkingu. Læknirinn notar einnig augndropa (staðdeyfilyf) til þess að deyfa augað og draga úr eða koma í veg fyrir sársauka við inndælinguna.
- Læknirinn gerir augnpróf eftir inndælinguna. Prófin geta meðal annars verið mæling á þrýstingi innan augans eða athugun á blóðflæði um sjóntaug.

Mikilvægar öryggisupplýsingar

Við hverju má búast eftir meðferð?


Stundum getur eftirfarandi komið fram eftir inndælingu í glerhlaup, eins og með Beovu:

- Sjaldgæf en veruleg bólga inni í auga, yfirleitt í tengslum við sýkingu, sem kallast „innri augnknattarbólga“ eða los á einu af lögnum aftast í auganu (sjónulos eða rifa á sjónu).
- Tímabundinn, aukinn augnþrýstingur. Þessi aukni augnþrýstingur er algengur en er venjulega einkennalaus. Læknirinn þarf að gera mælingar á þrýstingi innan augans til að staðfesta þetta.
- Bólga í æðum í aftari hluta augans (bólga í sjónuæðum) og/eða stífla æða í auganu (stífla í sjónuæðum) eða tegund bólgu sem ekki er eins veruleg og kallast „augnbólga“ (bólga innan augans) geta komið fyrir. Þú getur verið í meiri áhættu ef þú ert kona eða af japönskum uppruna.
 - Ef þú hefur fengið augnbólgu og/eða stíflu í sjónuæðum á síðastliðnu ári ert þú í meiri hættu á að fá bólgu í sjónuæðum og/eða stíflu í sjónuæðum.
- Ónæmisviðbrögð (ónæmissvörun) eru möguleg.


Það er mikilvægt að þú hafir tafarlaust samband við lækinn ef þú færð einhver af þessum einkennum:



Skyndileg sjónskerðing eða breyting á sjón svo sem þokusýn, eða skyndilegur sjónmissir.




Nýjar agnir eða aukinn fjöldi lítilla agna fyrir sjónum.



Almennur roði í auga, versnandi roði.



Nýr eða viðvarandi verkur í auga eða versnandi óþægindi í auga.



Ljósglampar eða aukið ljósnæmi (óþægindi vegna bjarts ljóss).

Hvað get ég gert eftir meðferðina?

- Eftir inndælinguna geta tímabundin áhrif á sjónina komið fram (t.d. þokusýn). Þú skalt hvorki aka né nota vélar fyrr en þetta er liðið hjá.
- Hafðu frumkvæði og segðu læknum eða hjúkrunarfræðingi frá því ef þú finnur fyrir breytingu á sjóninni.
- Það er mikilvægt að fylgja áætlun um læknisheimsóknir sem lækurinn hefur ráðlagt.

Hvernig hafa á samband við augnlækninn:

Augnlæknir:

Sími:

Heimilisfang:

Netfang:

